

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 25. september 2024:

### **Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringar við Nauthól**

Lagt er til að þegar í stað verði komið í veg fyrir leka úr vatnshana vestan megin við Nauthól. Þá er lagt til að skýrar varúðarmerkingar verði settar upp þar sem akbraut niður að Ylströndinni þverar fjölfarinn göngu- og hjólastíg Sólarleiðar. Það verði t.d. gert með því að lita stíginn svo það fari ekki framhjá ökumönnum að þeir séu að þvera göngu- og hjólastíg á þessum stað.

### **Greinargerð**

Mánuðum og jafnvel árum saman hefur vatn lekið úr hanaanum yfir Sólarleið, aðliggjandi göngu- og hjólastíg. Vatnslekinn skapar augljósa slysaþættu á stígunum enda hefur nú þegar orðið vart við næturfrost á þessu hausti.